

Nr. 355

24. mars 2009

AUGLÝSING um deiliskipulagsbreytingu í Svartsengi, Grindavíkurbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Grindavíkurbæjar þann 10. september 2008 samþykkt deiliskipulagstillögu fyrir iðnaðarsvæði og svæði verslunar og þjónustu í Svartsengi.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga og var málið í auglýsingu frá 17. september til 29. október 2007. Engar athugasemdir bárust.

Breytingin felst í því að nýju byggingar- og framkvæmdasvæði er bætt við á austurhluta iðnaðarsvæðisins í Svartsengi. Innan þess er byggingarreitur fyrir koldíoxíðsendurvinnslu og byggingarreitur fyrir geymslu/verkstæði. Hámarksstærð koldíoxíðsendurvinnslunnar er 1.500 m² en hámarks-hæð 12 metrar. Hámarksstærð geymslu/verkstæðis er 400 m² en hámarkshæð 10 metrar.

F.h. bæjarstjórnar Grindavíkur, 24. mars 2009,

Ingvar Þór Gunnlaugsson, forstöðumaður tæknideildar.

B-deild – Útgáfud.: 6. apríl 2009